

Lög Rauða krossins á Íslandi

Samþykkt 4. maí 2024



Efnisyfirlit

Kafli 1. Almenn ákvæði	3
1. gr. Hlutverk Rauða krossins á Íslandi.....	3
2. gr. Stofnun, viðurkenning, varnarþing, merki og alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans.....	4
3. gr. Verkefni.....	4
4. gr. Félagsaðild og sjálfboðið starf.....	5
5. gr. Heiðursviðurkenningar.....	5
6. gr. Samstarf.....	6
Kafli 2. Aðalfundur, stjórn og landsskrifstofa	6
7. gr. Aðalfundur.....	6
8. gr. Stjórn.....	8
9. gr. Formaður.....	10
10. gr. Formannafundur.....	10
11. gr. Framkvæmdastjóri og æðstu stjórnendur.....	10
12. gr. Landsskrifstofa.....	11
Kafli 3. Fjármál	11
13. gr. Ráðstöfun tekna.....	11
14. gr. Verkefnasjóður.....	12
15. gr. Varasjóður.....	12
16. gr. Reikningsár félagsins og endurskoðun.....	12
17. gr. Innra eftirlit.....	13
Kafli 4. Deildir	13
18. gr. Staða og tilgangur deilda.....	13
19. gr. Félagsfundir deilda.....	13
20. gr. Skipan deildarstjórna.....	14
21. gr. Ábyrgð og fundir deildarstjórnar.....	15
22. gr. Sjálfboðaliðasamningar og tryggingar.....	15
23. gr. Sameining eða niðurlagning deilda.....	15
Kafli 5. Slit og gildistaka	16
24. gr. Slit og gjaldþrot félagsins.....	16
25. gr. Gildistaka.....	16

Kafli 1. Almenn ákvæði

1. gr. Hlutverk Rauða krossins á Íslandi

1. Rauði krossinn á Íslandi er sjálfstætt og óháð félag sjálfboðaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Rauði krossinn á Íslandi er sjálfstætt félag gagnvart stjórnvöldum sem gerir honum kleift að starfa í samræmi við grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.
2. Meginhlutverk Rauða krossins á Íslandi er að standa vörð um og aðstoða þau sem verst eru stödd í samfélaginu og bregðast við hvers konar neyð, hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum.
3. Rauði krossinn á Íslandi vinnur að því að kynna og breiða út þekkingu á og virðingu fyrir alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans, mannúðarlögum og þjóðréttarreglum um vernd þolenda vopnaðra átaka. Rauði krossinn gegnir stoðhlutverki gagnvart stjórnvöldum í mannúðarmálum og fylgir eftir að stjórnvöld uppfylli skyldur sínar og tryggji réttindi samkvæmt Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949 og viðbótarbókunum við þá frá 8. júní 1977 og 8. desember 2005.
4. Rauði krossinn á Íslandi starfar í samræmi við sjö grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um:

Mannúð

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

Óhlutdrægni

Hreyfingin gerir engan mun á milli fólks eftir þjóðerni þess, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru stödd.

Hlutleysi

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, gætir hún hlutleysis í ófriði og tekur aldrei þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

Sjálfstæði

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

Sjálfboðna þjónustu

Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu starfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

Einingu

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það er öllum opið og vinnur mannúðarstarf um landið allt.

Alheimshreyfingu

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.

2. gr. Stofnun, viðurkenning, varnarþing, merki og alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans

1. Rauði krossinn á Íslandi, sem stofnaður var 10. desember 1924, er viðurkenndur af Alþjóðaráði Rauða krossins og Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og ríkisstjórn Íslands sem eina Rauðakrossfélagið er starfa má á Íslandi með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Félagið var viðurkennt með bréfi forsætisráðherra Íslands dagsettu 9. mars 1925 og síðar með lögum frá Alþingi um Rauða krossinn á Íslandi og merki Rauða krossins, Rauða hálfmánans og Rauða kristalsins nr. 115/2014.
2. Rauði krossinn á Íslandi er aðili að Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og starfar í samræmi við samþykktir og reglur Rauðakrosshreyfingarinnar. Rauði krossinn á Íslandi var viðurkenndur af Alþjóðaráði Rauða krossins og Rauða hálfmánans 9. apríl 1925. Rauði krossinn á Íslandi skal uppfylla skilyrði í 4. gr. samþykktu alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Samskipti við aðra aðila innan hreyfingarinnar skulu vera í samræmi við 3. gr. sömu laga. Auk þess er Rauði krossinn á Íslandi bundinn af þeim skyldum sem tilgreindar eru í 8. gr. stofnskrár Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans.
3. Rauði krossinn á Íslandi hefur varnarþing í Reykjavík.
4. Öll starfsemi Rauða krossins skal vera opin og gagnsæ.
5. Rauði krossinn notar merki sem samanstendur af rauðakrossmerkinu og nafni félagsins, sem tákn samtakanna í samræmi við Genfarsamningana, reglur frá 1991 um notkun á merkjum Rauða krossins, Rauða hálfmánans og Rauða kristalsins af hálfu landsfélaga og lög nr. 115/2014 sem taka til framangreindra merkja. Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, landsfélög, deildir, starfsfólk, sjálfboðaliðar og önnur sem koma fram í nafni Rauðakrosshreyfingarinnar nota merkin samkvæmt framangreindu. Rauði krossinn er merki Rauða krossins á Íslandi. Stjórn Rauða krossins á Íslandi, hér eftir nefnd stjórn í lögum þessum, setur nánari reglur um notkun merkisins fyrir starfsfólk, sjálfboðaliða og félagi í samræmi við Genfarsamningana frá 1949, lög nr. 115/2014 og endurskoðaðar reglur alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans frá 1991.
6. Rauði krossinn er skráður sem almannaheillafélag hjá Skattinum í samræmi við lög nr. 119/2019.

3. gr. Verkefni

1. Rauði krossinn á Íslandi sinnir neyðaraðstoð jafnt innan lands sem utan og er hluti af almannavörnum Íslands. Alþjóðleg neyðaraðstoð skal vera í samræmi við reglur og viðmið alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem í gildi eru á hverjum tíma.
2. Rauði krossinn á Íslandi kannar reglulega hvaða þjóðfélagshópar eru verst staddir í íslensku samfélagi og hagar starfi sínu í samræmi við þær niðurstöður.
3. Rauði krossinn á Íslandi starfar á alþjóðavettvangi í samræmi við stefnu alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Félagið vinnur með samstarfsaðilum á jafnréttisgrunni.

4. Rauði krossinn á Íslandi sinnir öðrum verkefnum í samræmi við grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar eða stjórnar.
5. Félagið metur reglulega árangur af öllu starfi sínu.

4. gr. Félagsaðild og sjálfboðið starf

1. Rauði krossinn á Íslandi er eitt félag með starfsemi um allt land.
2. Sjálfboðaliðar og félagar eru meginstyrkur félagsins og því er öflun sjálfboðaliða, þjálfun og stuðningur við starf þeirra féluginu nauðsyn. Öll sem virða stefnu, siðareglur, tilgang og grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og virða jafnframt reglur Rauða krossins varðandi notkun merkis félagsins, geta orðið sjálfboðaliðar. Skyldur sjálfboðaliða koma fram í sjálfboðaliðasamningi sem deildir gera við þá fyrir hönd félagsins, sbr. 22. gr.
3. Öll geta skráð sig sem félag í Rauða krossinum á Íslandi og gerst sjálfboðaliðar án tillits til þjóðernis, uppruna, ríkisfangs, aldurs, kynferðis, fötlunar, tungumáls, þjóðfélagsstöðu, trúar- eða stjórnmálaskoðana eða annars. Félagar og sjálfboðaliðar skulu virða reglur Rauða krossins varðandi notkun merkisins, grunngildi, siðareglur, lög, og reglur hreyfingarinnar og undirrita skjal öllu þessu til staðfestingar við inngöngu í félagið. Jafnframt skulu félagar greiða árgjald. Þetta á þó ekki við félagar undir 18 ára aldri en þeir eru undanþegnir skyldu til þess að greiða árgjald. Félagsaðild ólöggráða einstaklinga er háð samþykki forráðafólks.
4. Félagar eru skráðir í eina deild Rauða krossins á Íslandi og er að jafnaði miðað við lögheimili. Sótt er um félagsaðild á heimasíðu félagsins, skriflega hjá viðkomandi deild eða með sjálfboðaliðasamningi. Félagsaðild veitir rétt til kjörgengis, tillögu- og kosningaréttar á aðalfundum viðkomandi deildar og á aðalfundi landsfélagsins, séu félagar kjörnir fulltrúar sinnar deildar. Starfsfólk nýtur þó ekki þessara réttinda þrátt fyrir félagsaðild.
5. Félagar geta hvenær sem er sagt sig úr Rauða krossinum á Íslandi með skriflegri tilkynningu til landsskrifstofu eða deildar. Látnir félagar eru sjálfkrafa teknir af félagaskrá. Félagar sem hafa ekki greitt árgjald samfellt í fimm ár eru sjálfkrafa teknir af félagaskrá.
6. Deildarstjórn eða stjórn getur vísað félag eða sjálfboðaliða úr Rauða krossinum á Íslandi fyrir alvarlegar sakir, svo sem fyrir að vinna gegn grunngildum, lögum, siðareglum og reglum um notkun merkis Rauða krossins. Skal viðkomandi tilkynnt það skriflega og án tafar. Þeim sem vísað hefur verið úr félaginu af deildarstjórn, er heimilt að skjóta þeirri ákvörðun til stjórnar Rauða krossins á Íslandi. Niðurstaða stjórnar er endanleg. Stjórn setur verklagsreglur um meðferð slíkra mála.
7. Seta í stjórn, deildarstjórnnum, nefndum og vinnuhópum fyrir Rauða krossinn á Íslandi er ólaunuð.
8. Aðalfundur setur félaginu siðareglur þar sem fjalla skal meðal annars um hæfi og hagsmunaárekstra og skipar siðanefnd. Stjórnarfólk, sjálfboðaliðar og starfsfólk skal skrifa undir siðareglur félagsins.

5. gr. Heiðursviðurkenningar

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi getur kjörið heiðursfélaga úr röðum sjálfboðaliða. Heiðursfélagar greiða ekki árgjald en eiga seturétt á aðalfundi deildar sinnar með fullum réttindum. Heiðursfélagar öðlast ekki sjálfkrafa seturétt á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi. Aðrar viðurkenningar eru veittar samkvæmt reglum sem stjórn setur.

6. gr. Samstarf

Skilyrði fyrir samstarfi Rauða krossins á Íslandi við stjórnvöld, önnur félög eða fyrirtæki innan lands og erlendis er að grunnildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans séu virt, að samstarfið styðji við stefnu og verkefni Rauða krossins og að Rauði krossinn hafi beina aðkomu að framkvæmd verkefnisins. Gera skal skriflegt samkomulag um slíkt samstarf til ákveðins tíma og meta árangur af samstarfinu reglulega.

Kafli 2. Aðalfundur, stjórn og landsskrifstofa

7. gr. Aðalfundur

1. Aðalfundur er æðsta vald Rauða krossins á Íslandi og skal hann haldinn annað hvert ár í maí eða júní. Stjórn boðar til fundarins með tryggilegum hætti með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með framangreindum hætti og ef að minnsta kosti helmingur fulltrúa sækir fundinn. Náist ekki lágmarksfjöldi á boðuðum aðalfundi skal annar fundur haldinn innan tveggja mánaða og telst hann löglegur óháð fjölda fulltrúa á fundinum.
2. Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi er opinn öllum félögum Rauða krossins. Einungis fulltrúar deilda hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt með þeim takmörkunum sem leiða af grein þessari. Þau sem vilja vera viðstödd aðalfund en eru ekki fulltrúar deildar sinnar skrái sig hjá landsskrifstofu með að minnsta kosti mánaðar fyrirvara.
3. Aðalfundur er þannig skipaður:
 - a. Fulltrúafjöldi miðast við íbúafjölda á starfssvæði deildar þannig að fyrir hverja 3.000 íbúa eða færri skal tilnefna einn fulltrúa, fyrir íbúafjölda á bilinu 3.001–5.000 skal tilnefna tvo fulltrúa, fyrir 5.001–8.000 íbúa skal tilnefna þrjú fulltrúa, fyrir 8.001–12.000 skal tilnefna fjóra fulltrúa og fyrir 12.001–18.000 íbúa skal tilnefna fimm fulltrúa. Deildir á starfssvæði með 18.001–24.000 íbúa skulu tilnefna sex fulltrúa. Þar að auki skal tilnefna einn fulltrúa fyrir hverja 6.000 íbúa ef íbúafjöldi er á bilinu 24.001–78.000, einn fulltrúa fyrir hverja 8.000 íbúa ef íbúafjöldi er á bilinu 78.001–102.000, einn fulltrúa fyrir hverja 10.000 íbúa ef íbúafjöldi er 102.001 eða fleiri. Þó skal engin deild tilnefna fleiri fulltrúa á aðalfund en aðrar deildir til samans hafa rétt á. Íbúafjöldi miðast við mannfjöldaskrá Hagstofunnar 1. desember liðins árs. Deildir skulu tilkynna landsskrifstofu um nöfn fulltrúa sinna á aðalfundi mánuði fyrir aðalfund. Launað starfsfólk getur ekki setið aðalfund sem fulltrúar deilda. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði og getur enginn fulltrúi farið með atkvæði í umboði annars.
 - b. Einungis fulltrúar þeirra deilda sem hafa skilað stjórn ársskýrslu og samþykktum reikningum fyrir síðustu tvö reikningsár á tilsettum tíma, sbr. 1. mgr. 16. gr., hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.
 - c. Aðalfundarfulltrúar skulu vera félagar sem hafa greitt árgjald fyrir lok nýliðins árs. Nýkjörið stjórnarfolk deildar þarf að ganga frá félagsaðild og árgjaldi áður en kjörbréfum er skilað ef viðkomandi hefur hlotið kjör í stjórn deildar á grundvelli frávika í 3. mgr. 19. gr.
 - d. Stjórnarfolk Rauða krossins á Íslandi sem situr ekki aðalfund sem fulltrúar deilda á rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt.
4. Ef fulltrúi deildar getur ekki mætt á aðalfund getur deildarstjórn tilnefnt varafulltrúa með atkvæðisrétt í hans stað. Kostnaði við þátttöku fulltrúa á aðalfundi skal jafnað á deildir eftir fjölda fulltrúa sem þær eiga rétt á, sbr. a-lið 3. mgr. Aðrir félagar sem velja að vera viðstaddir aðalfund, sbr. 2. mgr., bera sjálfir kostnað af ferðum og viðveru á fundinum.

5. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn að minnsta kosti fjórum mánuðum fyrir aðalfund. Fyrirhugaðar breytingar á lögnum skal leggja fyrir sameiginlega nefnd Alþjóðaráðsins og Alþjóðasambandsins um lög landsfélaga og skal taka tillit til ábendinga nefndarinnar áður en löginn taka formlega gildi.
6. Aðrar tillögur en tillögur til lagabreytinga, sem fulltrúar eða deildir vilja láta taka fyrir á aðalfundi, skal senda til landsskrifstofu að minnsta kosti tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund sendir landsskrifstofan eftirfarandi gögn til fulltrúa:
 - a. Innsendar tillögur frá deildum og fulltrúum á aðalfundi.
 - b. Tillögur stjórnar.
 - c. Greinargerð kjörnefndar.
 - d. Annað efni sem nauðsynlegt er til afgreiðslu tillagna á dagskrá.
7. Aðalfundur kýs fundarstjóra. Á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi gilda almenn fundarsköp.
8. Á dagskrá aðalfundar Rauða krossins á Íslandi skulu vera að minnsta kosti eftirtalin mál:
 - a. Skýrsla stjórnar um starf félagsins tvö undanfarandi ár.
 - b. Endurskoðaðir reikningar tveggja síðustu ára til afgreiðslu.
 - c. Tillögur stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins.
 - d. Tillögur stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár, sbr. 2.–4. mgr. 13. gr.
 - e. Ákvörðun árgjalds.
 - f. Innsendar tillögur.
 - g. Kjör stjórnar skv. 8. gr.
 - h. Kosning kjörnefndar.
 - i. Kosning síðanefndar.
 - j. Kosning endurskoðunarfélags.
 - k. Tilkypping stjórnar um tíma og staðsetningu næsta aðalfundar.
 - l. Önnur mál.
9. Aðalfundur kýs fjóra fulltrúa í kjörnefnd. Ábyrgð nefndarinnar, hlutverk og verkefni eru ákvörðuð í verklagsreglum sem samþykktar eru á aðalfundi. Nefndin ber eingöngu ábyrgð gagnvart aðalfundi.
10. Kjörnefndarfulltrúar skulu vera félagar í Rauða krossinum á Íslandi og mega hvorki eiga sæti í stjórn né vera launað starfsfólk eða verktakar hjá Rauða krossinum.
11. Kjörnefndarfulltrúar eru kosnir til fjögurra ára í senn. Á öðrum hverjum aðalfundi er kosinn formaður nefndarinnar og einn nefndarfulltrúi. Á hinum fundinum eru tveir nefndarfulltrúar kosnir.
12. Aðalfundur kýs fyrsta og annan varamann í kjörnefnd. Varamenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörgeng sem varamenn eru þau sem kjörgeng eru til kjörnefndar.
13. Seta kjörnefndarfulltrúa er háð eftirfarandi tímamörkum:
 - a. Ekki má sitja samfelt í kjörnefnd lengur en tvö kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð, sjá þó c-lið.
 - b. Seta varamanna í kjörnefnd skerðir ekki rétt til setu í stjórn skv. a-lið.
 - c. Heimilt er að kjörnefndarfulltrúi sé kosinn formaður til eins kjörtímabils umfram fyrrgreind tvö kjörtímabil.
 - d. Láti formaður kjörnefndar af störfum á tímabili skipar stjórn formann úr röðum kjörnefndarfulltrúa fram að næsta aðalfundi.
 - e. Ef kjörnefndarfulltrúi hættir störfum í kjörnefnd skal varamaður taka sæti hans fram að næsta aðalfundi.

14. Allir félagar í Rauða krossinum á Íslandi, 18 ára og eldri, eru kjörgengir í stjórn. Stjórnarfólk má hvorki vera launað starfsfólk né verktakar hjá félaginu og skal ekki vera tengt framkvæmdastjóra eða fjármálastjóra nánnum fjölskylduböndum, þ.e. foreldrar, makar, börn og systkini. Hlutfall eins kyns skal ekki vera hærra en 60% og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Formaður og varaformaður mega ekki vera virkir í stjórn máli á landsvísu. Seta í stjórn er háð eftirfarandi tímatakmörkunum:
 - a. Ekki má sitja samfelld í stjórn lengur en tvö kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð, sjá þó c-lið.
 - b. Seta varamanna í stjórn í allt að tvö ár skerðir ekki rétt þeirra til setu í stjórn skv. a-lið.
 - c. Heimilt er að stjórnarmanneskja, annar en formaður, sé kosin formaður til eins kjörtímabils umfram fyrrgreind tvö kjörtímabil.
 - d. Ef stjórnarmanneskja hættir störfum skal varamaður taka sæti hennar fram að næsta aðalfundi. Hafi fráfarandi stjórnarmanneskja sinnt stjórnarsetu á fyrri helmingi kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmanneskju til tveggja ára í hennar stað.
 - e. Missi stjórnarmanneskja kjörgengi á kjörtímabilinu hverfur viðkomandi þegar úr stjórn.
15. Aðalfundur kys þrjá fulltrúa í siðanefnd til tveggja ára. Nefndin vinnur samkvæmt siðareglum félagsins, sem samþykktar eru á aðalfundi félagsins, við afgreiðslu þeirra mála sem vísað er til hennar. Einn nefndarfulltrúi skal vera lögfræðingur og a.m.k. einn nefndarfulltrúa skal vera félagi í Rauða krossinum á Íslandi. Hámarkssetutími í siðanefnd er fjögur kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð.
16. Allar kosningar í trúnaðarstöður skv. g-i lið 8. mgr. 7. gr. skulu vera leynilegar.
17. Allar ákvarðanir á aðalfundi eru teknar með einföldum meirihluta atkvæða, sjá þó 19. mgr. Skrifleg atkvæðagreiðsla skal fara fram ef tíu fulltrúar eða fleiri fara fram á það.
18. Í fundargerð aðalfundar skal færa dagskrárliði, stuttar lýsingar á efni þeirra, hverjir tóku til máls, frambornar tillögur, ákvarðanir fundarins, úrslit kosninga og afgreiðslu mála. Ummæli og umræður eru ekki færðar í fundargerð en fundinn skal hljóðrita. Fundargerð skal undirrituð af formanni og fundarstjóra og send deildum í síðasta lagi þremur vikum eftir aðalfund.
19. Einfaldan meirihluta greiddra atkvæða þarf til að breyta 18.–23. gr. laga þessara. Til þess að breyta öðrum greinum þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða, auk þess skal að minnsta kosti helmingur atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Samþykktir og kosningar aðalfundar taka gildi við lok fundar nema ákvörðun fundarins kveði á um annað.
20. Stjórn getur boðað til aukafundar utan þess tíma sem skilgreindur er í 1. mgr. 7. gr. telji hún brýna ástæðu til. Það sama á við ef að minnsta kosti þriðjungur deilda óskar þess og skal fundurinn þá boðaður innan tveggja mánaða. Á aukafundinum er eingöngu til umfjöllunar það brýna málefni sem er ástæða fundarins. Til fundarins skal boða með dagskrá með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara. Um rétt til setu á fundinum og atkvæðisrétt gilda sömu reglur og um aðalfund.

8. gr. Stjórn

1. Stjórn ber ábyrgð á starfi og stjórnun Rauða krossins á Íslandi milli aðalfunda.
2. Stjórn er skipuð 11 félögum og skal kjósa formann og varaformann sérstaklega. Stjórnarfólk skal, eftir að það hefur verið kjörið í fyrsta sinn, skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að það muni í störfum sínum fyrir félagið hafa lög, stefnu og siðareglur Rauða krossins á Íslandi, reglur og grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og reglur um notkun merki Rauða krossins í heiðri og vinna samkvæmt samþykktri stefnu félagsins.

3. Stjórnarfolk er kosið á aðalfundi til fjögurra ára í senn. Formaður og varaformaður skulu að jafnaði ekki kosnir á sama fundi. Kosningu annars stjórnarfólks er deilt jafnt niður með kosningu ýmist fjögurra eða fimm einstaklinga á hverjum aðalfundi.
4. Aðalfundur kýs tvo varamenn í stjórn félagsins. Varamenn eru kosnir til tveggja ára í senn og skal kjósa sérstaklega fyrsta og annan varamann. Kjörgeng sem varamenn eru þau sem eru kjörgeng í stjórn. Boða skal varamenn á stjórnarfundum eins og kjörið stjórnarfolk og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir sitji fundi í forföllum stjórnarfólks og skal þeim tilkynnt fyrir fram um slík forföll ef unnt er.
5. Stjórn skipar framkvæmdaráð sem í sitja formaður, varaformaður og tveir stjórnarmenn. Hlutverk þess er að undirbúa fundi stjórnar, taka ákvarðanir um brýn málefni sem þola ekki bið og annast önnur verkefni sem stjórn hefur sérstaklega falið því. Fundargerðir framkvæmdaráðs skulu lagðar fram til kynningar á næsta stjórnarfundum og ákvarðanir þess bornar upp til staðfestingar.
6. Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn ritara og gjaldkera, svo og fulltrúa í framkvæmdaráð. Um hlutverk og skyldur ritara og gjaldkera er fjallað í starfsreglum stjórnar. Stjórn fundar að minnsta kosti sex sinnum á ári. Milli reglulegra fundna skal stjórnin halda fundum þegar formaður eða minnst fjórir stjórnarmenn óska þess og skal þá formaður boða til fundar. Stjórnarfundum skal boða með tryggilegum hætti með minnst fimm daga fyrirvara nema sérstök atvik réttlæti skemmri frest. Stjórnarfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað og meirihluti stjórnarfólks, þ.e. minnst sex, eru á fundinum. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns.
7. Stjórn er heimilt að skipa tímabundna starfshópa til að vinna að verkefnum í umboði hennar.
8. Ef deildarstjórn segir af sér eða er óstarfhæf af einhverjum orsökum getur stjórn tekið yfir stjórn deildarinnar tímabundið eða þar til ný deildarstjórn hefur verið kjörin.
9. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.
10. Meirihluti stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir hönd félagsins.
11. Stjórn ber ábyrgð á kaupum og sölu, skiptum og veðsetningu fasteigna og annarra eigna félagsins sem og langtímaskuldbindingum sem þýðingu hafa fyrir rekstur félagsins. Ákvörðun um kaup eða sölu fasteigna sem skráð er á deild skal tekin að höfðu samráði við viðkomandi deildarstjórn.
12. Stjórn samþykkir endurskoðaða reikninga fyrir Rauða krossinn á Íslandi og afgreiðir fjárhagsáætlanir, setur reglur og leggur fram tillögur á aðalfundi með tilliti til laga og samþykka aðalfunda um markmið og verkefni félagsins.

13. Verði stjórnarfolk uppvíst að eða ef uppi er rökstuddur grunur um brot á lögum félagsins, siðareglum, grunnildum, reglum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans, brot á trúnaði, ofbeldisbrotum eða öðrum ætluðum brotum óháð störfum fyrir félagið en geta haft áhrif á starf og heiður þess, skal stjórn vísa máli hans til siðanefndar. Viðkomandi skal víkja sæti meðan málið er til meðferðar og skal varamaður taka sæti á meðan. Komist siðanefnd að þeirri niðurstöðu að um brot sé að ræða skal viðkomandi segja af sér stjórnarstörfum án tafar, ellegar hafi stjórn félagsins heimild til að kjósa um áframhaldandi stjórnarsetu.
14. Stjórnarfolk skal lýsa öllum hugsanlegum og raunverulegum hagsmunaárekstrum eða öðru sem gæti verið litið á sem hagsmunaárekstur. Ef stjórnarfolk greinir frá hagsmunaárekstri skal það sitja hjá við umræður og atkvæðagreiðslur hvað það varðar. Ef hagsmunaárekstur er alvarlegs eða varanlegs eðlis skal viðkomandi segja af sér stjórnarsetu, og þar til við því er orðið, ekki taka þátt í atkvæðagreiðslum.

9. gr. Formaður

Staða formanns Rauða krossins á Íslandi er æðsta embætti félagsins. Formaður leiðir starf Rauða krossins á Íslandi samkvæmt samþykktum aðalfundar og ákvörðunum stjórnar. Formaður kemur fram fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi á innlendum og erlendum vettvangi. Formaður hefur, fyrir hönd stjórnar, tilsjón með starfi félagsins og ber ábyrgð á að landsskrifstofa, deildir, aðalfundur og stjórn fái upplýsingar um stöðu og starf þess. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Varaformaður er staðgengill formanns.

10. gr. Formannafundur

Stjórn skal boða til formannafundar árlega að hausti. Tilgangur formannafundar er að skapa vettvang fyrir stjórn og formenn deilda til þess að skiptast á skoðunum og þannig tryggja samráð stjórnar og deilda. Niðurstaða slíkra funda er ráðgefandi fyrir stjórn og aðalfund. Rétt til setu á formannafundi hefur stjórnarfolk og formenn allra deilda eða staðgenglar þeirra. Formannafundur skal boðaður á tryggilegan hátt með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara.

11. gr. Framkvæmdastjóri og æðstu stjórnendur

1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur Rauða krossins á Íslandi í umboði stjórnar félagsins og skal hlíta stefnu félagsins og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
2. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og framkvæmdaráðs með tillögurétt og málfrelsi. Framkvæmdastjóri getur ekki kosið, greitt atkvæði eða hlotið kjör til trúnaðarstarfa innan stjórnar. Framkvæmdastjóri og staðgengill mega ekki vera virk í stjórnmálum á landsvísu. Stjórn setur nánari reglur um skyldur og störf framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á ráðningum, störfum og starfslokum æðstu stjórnenda og ákvarðar kjör þeirra.

12. gr. Landsskrifstofa

1. Landsskrifstofa aflar grunnildum og verkefnum Rauða krossins stuðnings, miðlar þekkingu, vinnur að verkefnum á landsvísu og að neyðar- og þróunaraðstoð á alþjóðavettvangi.
2. Landsskrifstofa annast samskipti við deildir, samræmir vinnubrögð og þjónar deildum með fræðslu og stuðningi svo þær geti sinnt hlutverki félagsins.
3. Framkvæmdastjóri er yfirmaður landsskrifstofu og ber ábyrgð á starfsemi hennar og skal fylgja eftir stefnu félagsins og fyrirmælum stjórnar.

Kafli 3. Fjármál

13. gr. Ráðstöfun tekna

1. Félagið skal ráðstafa og stýra fjármunum og mannauði á ábyrgan, gagnsæjan, rekjanlegan og hagkvæman hátt.
2. Sameiginlegum tekjustofnum er skipt í samræmi við ákvörðun aðalfundar að fenginni tillögu stjórnar fyrir næstu tvö ár. Skal tillagan skilgreina þá tekjustofna sem teljast sameiginlegir.
3. Tekjuskipting skal grundvallast á stefnu og áhersluverkefnum. Sá hluti tekna sem fer til deilda skal vera tengdur verkefnum og virkni deilda.
4. Tekjuskipting og önnur ráðstöfun fjármuna félagsins skal byggjast á gegnumstreymi fjár þar sem tekjur eru nýttar til grunnrekstrar og áhersluverkefna. Undanþeginn þessu ákvæði er varasjóður skv. 15. gr.
5. Árgjöld félaga í Rauða krossinum á Íslandi renna óskipt til viðkomandi deildar að frádregnum innheimtukostnaði.
6. Þremur mánuðum fyrir aðalfund skal stjórn kynna fyrir deildum drög að skiptingu tekna skv. 2.–4. mgr., kalla eftir athugasemdum og senda út tillögu sína að minnsta kosti mánuði fyrir aðalfund.
7. Stjórn setur reglur sem kveða á um verkaskiptingu hvað varðar fjáröflun innan Rauða krossins á Íslandi.
8. Stjórn getur stöðvað greiðslur til deildar ef hún stendur ekki skil á ársreikningi og skýrslu um störf sín ásamt framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun. Þá er stjórn heimilt að stöðva greiðslur ef deildin starfar ekki samkvæmt lögum, reglum eða stefnu félagsins eða grunnildum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Deild verður af tekjum á því tímabili sem stöðvun stendur yfir og renna tekjurnar í verkefnasjóð.
9. Deild getur ekki skuldbundið sig fjárhagslega fyrir hærri fjárhæð en sem nemur framlögum til hennar úr sameiginlegum tekjustofnum undanfarin tvö ár, að frátöldum framlögum úr verkefnasjóði og innbyrðis viðskiptum innan Rauða krossins á Íslandi, nema með samþykki stjórnar.
10. Deild er ekki heimilt að reka sig með halla, nema fjárhagsáætlun um slíkt hafi hlotið samþykki stjórnar eða ef viðkomandi deild á peningalegar eignir til þess að greiða mismun tekna og gjalda.

11. Rauða krossinum á Íslandi er óheimilt að styrkja fjárhagslega verkefni, safnanir og kaup á búnaði á vegum aðila utan alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Þó er félaginu og deildum heimilt, að fengnu samþykki stjórnar, að leggja fé til samfélagslegra verkefna í samstarfi við önnur félagasamtök og opinbera aðila enda sé gerður samningur um samstarfið, sbr. 6. gr. Árangur af slíku samstarfi skal metinn reglulega.

14. gr. Verkefnasjóður

1. Meginhlutverk verkefnasjóðs er að úthluta fé til verkefna á vegum deilda félagsins sem samræmast stefnu og grunnildum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.
2. Tekjur verkefnasjóðs eru ákvarðaðar á aðalfundi á tveggja ára fresti.
3. Stjórn Rauða krossins á Íslandi skipar fulltrúa í undirbúningsnefnd sem hefur þann tilgang að taka við umsóknum, yfirfara þær og leggja fram tillögu til stjórnar um úthlutanir.
4. Ekki má sitja lengur en átta ár í röð í undirbúningsnefnd verkefnasjóðs.
5. Stjórn setur verklagsreglur um verkefnasjóð.

15. gr. Varasjóður

1. Rauði krossinn á Íslandi skal eiga varasjóð.
Tilgangur sjóðsins er að:
 - a. vera tryggingasjóður vegna áfalla sem félagið kann að verða fyrir,
 - b. gera félaginu kleift að bregðast við stóráfallum innan lands og utan,
 - c. fjármagna viðamikil verkefni sem aðalfundur ákveður.
2. Fé er lagt í varasjóð í samræmi við samþykkt aðalfundar sem ákveður hver fjárhæð hans skuli vera.
3. Stjórn ákvarðar greiðslur úr varasjóði í samræmi við 1. mgr.
4. Veðsetning varasjóðs, eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma, er óheimil nema með samþykki aðalfundar.
5. Varasjóður skal varðveittur í banka og/eða hjá löggiltu verðbréfafyrirtæki. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun.

16. gr. Reikningsár félagsins og endurskoðun

1. Reikningsár Rauða krossins á Íslandi er almanaksárið. Deildir skulu eigi síðar en 15. mars ár hvert senda stjórn skýrslur um störf sín og ársreikninga, staðfesta af aðalfundi viðkomandi deildar. Deildir skulu skila framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun næsta árs til landsskrifstofu eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Standi deild ekki skil á þessum upplýsingum til stjórnar getur stjórnin stöðvað greiðslur til hennar, sbr. 8. mgr. 13. gr.
2. Bókhald Rauða krossins á Íslandi skal fært í eitt bókhaldskerfi. Ársreikningur Rauða krossins er gerður upp sem samstæðureikningur sem nær til allrar starfsemi félagsins. Fjármálaumsýsla og framsetning reikningsskila deilda skal vera með samræmdum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

3. Einn óháður, löggiltur endurskoðandi skal skoða reikninga alls félagsins árlega og skal hann eða endurskoðunarfélag á hans vegum kjörinn á aðalfundi til tveggja ára. Reikningar deilda skulu endurskoðaðir af sama endurskoðanda í samræmi við ákvörðun stjórnar hverju sinni.

17. gr. Innra eftirlit

Stjórn hefur eftirlit með meðferð og ráðstöfun fjármuna félagsins og getur ráðið sér til aðstoðar sjálfstæðan innri endurskoðanda. Leiði eftirlit stjórnar í ljós annmarka eða misfellur við meðferð fjármuna skal viðkomandi gerð grein fyrir niðurstöðunni með formlegum hætti og gefinn kostur á að skýra mál sitt. Nú telur stjórn, að fenginni skýringu, að ráðstöfun fjármuna hafi ekki fallið að tilgangi, stefnu og/eða reglum félagsins og skal stjórn þá veita formlega áminningu. Sé um alvarlegt brot hjá deild að ræða fer um slíkt eftir ákvæðum 3.-4. mgr. 23. gr.

Kafli 4. Deildir

18. gr. Staða og tilgangur deilda

Deildir Rauða krossins skulu að jafnaði starfa á afmörkuðu og skilgreindu starfssvæði. Tilgangur þeirra er að vinna að markmiðum og verkefnum félagsins á starfssvæði sínu, um allt Ísland, í samræmi við verkefni Rauða krossins, sbr. 3. gr. Hver deild skal reglulega vinna þarfagreiningu á starfssvæði sínu og haga vinnu sinni samkvæmt niðurstöðum hennar með hliðsjón af stefnu félagsins.

19. gr. Félagsfundir deilda

1. Aðalfundur deildar skal haldinn fyrir 15. mars ár hvert. Deildarstjórn boðar á tryggilegan hátt aðalfund með minnst 14 daga fyrirvara. Tilkynna þarf aðalfundardagsetningu til landsskrifstofu í síðasta lagi 10. janúar ár hvert. Deildarstjórn getur skipað kjörnefnd sem undirbýr kjör stjórnar og skoðunarmanna í samræmi við lög félagsins.
2. Félagsaðild eða sjálfboðaliðasamningur veitir aðgang að aðalfundi deildar.
3. Félagar sem hafa greitt árgjald síðasta árs fyrir árslok hafa einir atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi deildarinnar. Deildarstjórn, eða kjörnefnd þar sem hún hefur verið skipuð, getur vikið frá þessu ákvæði vegna tveggja frambjóðenda að hámarki ef næg framboð í nýja deildarstjórn hafa ekki borist fyrir aðalfund. Launað starfsfólk hjá Rauða krossinum á Íslandi og félagar undir 18 ára aldri hafa hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi á aðalfundi en hafa málfrelsi og tillögurétt.
4. Kjörtímabil er tvö ár fyrir formann og fulltrúa í deildarstjórn og eitt ár fyrir varamenn og skoðunarmenn. Hægt er að kjósa stjórnarmenn aftur í öll embætti, sjá þó 5. mgr. Leitast skal við að skipan deildarstjórnar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins á starfssvæði deildarinnar, svo sem með tilliti til kyns, aldurs, uppruna og búsetu.
5. Enginn getur setið í deildarstjórn sem aðal- eða varamaður eða verið skoðunarmaður lengur en fjögur kjörtímabil samfellt, þ.e. átta ár í röð. Verði stjórnarmanneskja formaður getur hún setið lengur en sem nemur fyrrgreindum átta árum, þó aldrei lengur en tólf ár samfellt í deildarstjórn. Hafi deildarstjórnarmanneskja setið í stjórn samfellt í fjögur kjörtímabil, eða sex kjörtímabil ef viðkomandi hefur verið formaður, og síðan gengið úr deildarstjórn má endurkjósa hana sem aðal- eða varamann í stjórnina að fjórum árum liðnum.
6. Meiri háttar tillögur sem afgreiða skal á reglulegum aðalfundi þarf að senda skriflega til deildarstjórnar í síðasta lagi sjö dögum fyrir aðalfund.

7. Á dagskrá aðalfundar deildar skulu vera að minnsta kosti eftirtalin atriði:
 - a. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 - b. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
 - c. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
 - d. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram.
 - e. Kosning formanns deildar.
 - f. Kosning deildarstjórnar og varamanna skv. 20. gr.
 - g. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
 - h. Önnur mál.
8. Skoðunarmenn og varmenn þeirra skulu hafa þekkingu á reikningsskilum. Ef skoðunarmaður er ekki löggiltur endurskoðandi skal kjósa tvo skoðunarmenn.
9. Kosningar í allar trúnaðarstöður deildar skv. lið e-g 7. mgr. skulu vera leynilegar.
10. Ákvarðanir á aðalfundum eru teknar með einföldum meirihluta þeirra félaga sem sækja fundinn, að undanskildum kosningum um slit deildar sbr. 2. mgr. 23. gr.
11. Aðalfundur kýs fulltrúa í deildarstjórn skv. 20. gr. Ef stjórnarmanneskja hættir störfum á fyrra ári kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmanneskju til eins árs í hennar stað.
12. Deildarstjórn tekur ákvörðun um boðun félagsfundar. Félagsfund skal ætíð halda ef að minnsta kosti fjórðungur félaga í deildinni óskar þess skriflega. Boða skal félagsfund með tryggilegum hætti með minnst fimm daga fyrirvara, en 14 daga fyrirvara ef í fundarboði kemur fram tillaga um verulegar breytingar á starfi deildarinnar, þ.m.t. sameining við aðra deild eða slit deildar sbr. 23. gr.

20. gr. Skipan deildarstjórna

1. Forysta hverrar deildar er deildarstjórn með minnst fimm stjórnarmeðlimum að formanni meðtöldum. Kjósa skal því sem næst helming stjórnarmeðlima á hverjum aðalfundi. Varamenn skulu vera tveir hið minnsta.
2. Deildarstjórn velur varaformann, ritara og gjaldkera. Formaður, varaformaður og skoðunarmaður geta ekki jafnframt gegnt stöðu gjaldkera. Stjórnarfólk má ekki vera tengt nánum fjölskylduböndum, þ.e. foreldrar, makar, börn eða systkini. Sama gildir um tengsl skoðunarmanna við stjórnarfólk og tengsl skoðunarmanna innbyrðis. Ákveða þarf í hvaða röð varamenn skuli taka sæti aðalmanna.
3. Deildarstjórnarfólk skal, eftir að það hefur verið kjörið í fyrsta sinn, skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að það muni í störfum sínum fyrir félagið hafa lög, stefnu og siðareglur Rauða krossins á Íslandi, reglur og grunngildi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og reglur um notkun merki Rauða krossins í heiðri og vinna samkvæmt samþykktri stefnu félagsins.
4. Stjórnarstörf eru ólaunuð. Deildarstjórn getur ráðið sér launaða aðstoð, deildarstjóra eða annað starfsfólk. Starfsfólk deilda má ekki vera tengt stjórnarfólki viðkomandi deildar nánum fjölskylduböndum, sbr. 2. mgr. Ef deildarstjórnarfólk tekur að sér launaða vinnu eða verktöku fyrir Rauða krossinn á Íslandi skal viðkomandi um leið ganga úr deildarstjórninni. Stjórn Rauða krossins getur í undantekningartilvikum heimilað fulltrúa í deildarstjórn að taka að sér fræðslu eða önnur slík verk gegn greiðslu ef hagsmunir deildarinnar krefjast þess.

5. Verði deildarstjórnarfólk uppvíst að eða uppi er rökstuddur grunur um brot á lögum félagsins, siðareglum, grunnildum, reglum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans, brot á trúnaði, ofbeldisbrotum eða öðrum ætluðum brotum óháð störfum fyrir félagið en geta haft áhrif, skal deildarstjórn vísa máli viðkomandi til siðanefndar. Viðkomandi skal víkja sæti meðan málið er til meðferðar og skal varamaður taka sæti á meðan. Komist siðanefnd að þeirri niðurstöðu að um brot sé að ræða skal viðkomandi segja af sér stjórnarstörfum án tafar, ellegar hafi deildarstjórn heimild til að kjósa um áframhaldandi stjórnarsetu..

21. gr. Ábyrgð og fundir deildarstjórnar

1. Deildarstjórn skipuleggur starf deildar og ber ábyrgð á rekstri hennar gagnvart stjórn Rauða krossins á Íslandi sem getur hlutast til um starfsemi deildarinnar ef hún vikur frá lögum, reglum eða stefnu félagsins eða öðrum ákvörðunum sem aðalfundur eða stjórn hefur tekið.
2. Formaður deildar kallar deildarstjórn saman. Hún skal einnig koma saman ef þriðjungur deildarstjórnarfólks óskar þess.
3. Til þess að deildarstjórn geti tekið gildar ákvarðanir verður að minnsta kosti helmingur deildarstjórnarfólks að vera á fundi. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns. Allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð. Meiri háttar ákvarðanir, svo sem um kaup eða sölu fasteigna og langtímaskuldbindingar, skulu bornar undir stjórn Rauða krossins á Íslandi til samþykktar skv. 11. mgr. 8. gr.
4. Reikningsár deildar er almanaksárið.
5. Stjórn Rauða krossins á Íslandi setur reglur um hvernig reikningar skulu færðir, framsettir og endurskoðaðir og um skýrslugerð deilda til landsskrifstofu.

22. gr. Sjálfboðaliðasamningar og tryggingar

1. Félaga- og sjálfboðaliðaskrá er í umsjá landsskrifstofu.
2. Sjálfboðaliðar skulu gera sjálfboðaliðasamning við deildir um framlag sitt.
3. Landsskrifstofa annast hóprýggingu fyrir alla samningsbundna sjálfboðaliða.

23. gr. Sameining eða niðurlagning deilda

1. Sameina má deildir eftir ákvörðun viðkomandi deilda og að fengnu samþykki stjórnar. Tillaga um sameiningu skal auglýst í aðalfundarboðum deildanna. Ákvörðunin skal tekin af aðalfundum deildanna og nægir samþykki einfalds meirihluta þeirra félaga sem sækja fundina. Að loknum aðalfundi skal senda beiðni um staðfestingu til stjórnar Rauða krossins á Íslandi. Sameining tekur gildi frá og með áramótunum fyrir samþykki stjórnar.. Stjórn skal setja verklagsreglur um framkvæmd sameiningar deilda.
2. Ef leggja á deild niður þarf að samþykkja það með tveimur þriðju hluta greiddra atkvæða á aðalfundi sem hið minnsta tveir þriðju félaga í deildinni sækja. Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt, skal deildarstjórn boða til félagsfundar. Verði tillagan samþykkt á þeim fundi með tveimur þriðju hluta greiddra atkvæða er sú niðurstaða bindandi, óháð fundarsókn. Eignir hinnar niðurlögðu deildar skulu renna í sameiginlega sjóði félagsins.

3. Stjórn Rauða krossins á Íslandi getur tekið yfir stjórnun eða lagt niður deild til bráðabirgða ef hún starfar andstætt grunngildum hreyfingarinnar, lögum eða stefnu Rauða krossins á Íslandi. Stjórn er einnig heimilt að leggja niður deild hafi hún ekki haldið aðalfund í tvö ár og ekki skilað framkvæmdaáætlun, ársskýrslu eða ársreikningi. Komi til þess tekur stjórn yfir félagslega og fjárhagslega ábyrgð deildarinnar fram að næsta aðalfundi félagsins þar sem endanleg ákvörðun verður tekin um framtíð deildarinnar.
4. Ákvörðun stjórnar Rauða krossins á Íslandi um að leggja niður deild skal lögð fyrir næsta aðalfund félagsins til endanlegrar afgreiðslu. Fulltrúi eða fulltrúar deildar sem lögð hefur verið niður til bráðabirgða njóta ekki atkvæðisréttar á aðalfundi við afgreiðslu á máli deildarinnar en gefst kostur á að tala máli hennar áður en ákvörðun er tekin. Þegar deild er lögð niður skulu eignir hennar renna í sameiginlega sjóði félagsins. Stjórn setur verklagsreglur um yfirtöku eða niðurlagningu deildar til bráðabirgða.

Kafli 5. Slit og gildistaka

24. gr. Slit og gjaldþrot félagsins

Teljst rétt að leggja niður starfsemi Rauða krossins á Íslandi verður ákvörðun þar að lútandi aðeins tekin á aðalfundi. Um undirbúning og atkvæðagreiðslu á fundinum skal fylgja þeim reglum sem gilda um breytingar í 19. mgr. 7. gr. Verði Rauði krossinn á Íslandi lagður niður skal aðalfundur sem það samþykkir ráðstafa öllum eigum í samræmi við tilgang félagsins. Verði Rauði krossinn á Íslandi gjaldþrota fer um það samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Komi til þess að Rauði krossinn verði lagður niður skal tilkynning þar að lútandi send almannaeillafélagaskrá Skattsins.

25. gr. Gildistaka

Þessi lög Rauða krossins á Íslandi voru samþykkt á aðalfundi félagsins hinn 4. maí 2024 og koma í stað fyrri laga og samþykkt fyrir félagið. Lög þessi öðlast þegar gildi.